



Borgarnesi 15.03 2022

Alþingi
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja), þingskjal 489 — 349. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn SSV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja), þingskjal 489 — 349. Mál með tölvupósti dags. 24. febrúar 2022.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa á s.l. ári sent frá sér ályktanir um nauðsyn þess að gera breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða.

Á Haustþingi SSV sem fór fram 29 september s.l. segir í ályktun „Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðað. Taka má sem dæmi vorið 2020 þegar fyrirkomulagið var mjög óhagfelld grásleppuútgæð og vinnsla á Vesturlandi. Þar kom glögg í ljós að núverandi fyrirkomulag skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.

SSV fagnaði því á síðasta ári að fram var komið frumvarp á Alþingi sem átti að tryggja ábyrgari, hagkvæmari og fyrirsjáanlegri veiðar og þar með traustari rekstrarskilyrði fyrir sjómenn og vinnslur, sbr. frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021 til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), þingskjal 626 — 419. mál. Það voru því vonbrigði að ákvæði er varða breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða hafi verið tekið út úr fyrirbyggjandi frumvarpi. Hafnir á Vesturlandi hafa sumar hverjar verið einn helsti löndunarstaður grásleppu og á Vesturlandi hafa einnig verið öflugar vinnslur. Við horfum til þess að nýtt fyrirkomulag hrognkelsaveiða muni skapa byggðafestu og efla atvinnulíf á Vesturlandi.

Með vinsemd og virðingu,

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV